

SIÐAREGLUR LYKILS
FJÁRMÖGNUNAR HF.



Inngangur

Siðareglur þessar eru viðmið starfsfólks Lykils fjármögnunar hf. (Lykill) fyrir góða viðskiptahætti og þau siðferðislegu gildi sem er stuðst við í daglegum störfum. Tilgangur regnanna er ætlað að stuðla að ábyrgri ákvarðanatöku Lykils og trúverðugleika starfseminnar. Starfsfólki ber að hafa þær að leiðarljósi í störfum sínum og samskiptum við viðskiptavinum sem og aðra við störf sín fyrir félagið.

1. gr. - Gildissvið

Reglur þessar gilda um alla starfsmenn Lykils, stjórnendur og stjórn, hér eftir vísað til sem starfsfólk.

2. gr. - Skyldur starfsfólks

Starfsfólk gætir þess að hegðun og framkoma sé í samræmi við hlutverk og stefnur félagsins.

Í öllum samskiptum er lögð áhersla á að starfsfólk fari að lögum og reglum sem gilda um starfsemina. Starfsfólk Lykils ber að eiga heiðarleg samskipti við viðskiptavinum, eftirlitsstofnanir, hagsmunaaðila sem og aðra starfsmenn og stjórnendur.

Starfsfólki Lykils ber ávallt að gæta fyllsta trúnaðar í störfum sínum og er bundið þagnarskyldu í starfi sínu. Virða ber trúnað við viðskiptavinum og aðra hagsmunaaðila og gæta að reglum um vernd persónuupplýsinga.

Lykli er umhugað um starfsfólkið, viðskiptavinum og aðra hagsmunaaðila og leggur áherslu á að allir aðilar sýni hver öðrum virðingu.

3. gr. - Hagsmunaaðrekstrar

Hagsmunaaðrekstrar geta jafnt komið upp milli viðskiptavina og félagsins, viðskiptavina og starfsfólks, starfsfólks og félagsins og á milli viðskiptavina.

Dómgreind er beitt til þess að átta sig á mögulegum hagsmunaaðrekstrum og koma í veg fyrir þá. Til að vinna gegn hagsmunaaðrekstrum er gætt að viðeigandi aðskilnaði starfa og starfsfólk skal upplýsa yfirmann eða regluvörð um mögulega hagsmunaaðrekstra.

Meðvitund er um hættu á hagsmunaaðrekstrum og hlutleysi er gætt í samskiptum við viðskiptavinum og í störfum fyrir félagið. Persónulegir hagsmunir skulu ekki hafa áhrif á störf fyrir Lykil.

4. gr. - Fagmennska

Siðareglum þessum er ætlað að stuðla að góðum viðskiptaháttum og skal starfsfólk Lykils ávallt veita viðskiptavinum áreiðanlegar upplýsingar. Störf eru unnin af fagmennsku, heiðarleika og virðingu fyrir viðskiptavinum og öðrum hagsmunaaðilum með orðspor félagsins að leiðarljósi.

Tryggja ber að starfsfólk Lykils búi yfir fullnægjandi færni og þekkingu til að sinna störfum í þágu félagsins og viðskiptavina þess.

5. gr. - Ábendingar og kvartanir

Hlustað er á þarfir viðskiptavinanna og brugðist við ábendingum þeirra. Það er stefna Lykils að meðhöndlun kvartana viðskiptavina hljóti skjóta, skilvirka og sanngjarna meðferð í samræmi við lög (Reglur Lykils fjármögnunar hf. og stefna um meðhöndlun kvartana).

Reykjavík, 26. nóvember 2019

Stjórn Lykils fjármögnunar hf.



Handwritten signatures of the board members of Lykill Fjármögnun hf. The signatures are written in blue ink and include the names of the board members.